

Ársfundur lífeyrissjóðsins Gildi haldinn á Grand hóteli þriðjudaginn 16 Júní kl 17. Árið 2020.

Ég vil byrja mitt erindi á að þakka stjórn sjóðsins fyrir að fresta Ársfundi sjóðsins á meðan COVID 19 stóð yfir. Og gefa okkur sjóðsfélögum tækifæri á að senda inn erindi, spurningar og að taka til máls. Hér koma spurningar sem ég óska eftir, skriflegu svari við og að þær verði færðar til bókar í fundargerð aðalfundar og svörin í fundargerðir stjórnar Lífeyrissjóðsins Gildi.

1. Ég óska eftir sundurliðun á skuldastöðu sveitafélaga við Gildi!!!
2. _____ á kröfum á Fyrirtæki.!!!
3. Ég óska eftir Sundurliðun á niðurfærslu eigna!!! Hvaða aðila er um að ræða!
4. Fjárfestingargjöld: Er greidd kaupþóknun
5. -----Söluþóknun
6. Hvernig sundurliðast gjöldin skv lið 4 og 5.
7. Hvað lagði Endurskoðandi Gildis til í sinni endurskoðunarskýrslu varðandi rekstur sjóðsins!!!
8. Ég óska eftir að fá afhenta skýrslu Endurskoðanda sjóðsins
9. Varðandi endurmat eigna óska ég eftir að upplýst sé hverjir ákveða reglur þar að lútandi !!! Og hverjar þær reglur eru, sem stuðst við í því sambandi.!!!
- 10.Þá óska ég sérstaklega eftir matsreglum vegna gangvirðismats.
- 11.Hvers vegna hækka gjöld til fjármálaeftirlitsins ár frá ári,!!!?
- 12.Fjárfestir Gildi í Vogunarsjóðum!!!? Ef svo er, hvaða heimildir eru í lögum sem heimila það?
- 13.Varðandi fjárfestingarákvarðanir vil ég spyrja . Hverjir taka ákvörðun þar um!!!? A formaður,B varaformaður, C öll stjórnin, Hvernig er þessu háttað !!!?
- 14.Hvernig eru kaup á skuldabréfum tryggð!!1? s.s með veðum eða á annan hátt!!!
- 15.Laun Davíðs Rúdólfssonar Forstöðumanns eignastýringar eru skv ársreikningi rúmar 25 milljónir á ársgrundvelli, hækkun á milli árana 2018 og 2019 nemur rúmri milljón krónum ,sem gerir hækkun um rúmar 83 þúsund krónur á mánuði!!!.
- 16.Hvernig stendur á þessum ofurlaunum hjá lífeyrissjónum Gildi!!!?
- 17.Hverjir ákveða slík laun!!!?

18. Á sama tíma eru fjárfestingargjöld rúmir 2 miljarðar. Þau haf farið hækkandi ár frá ári undafarið.. Óskað eftir ítarlegum skýringum á þessum lið!!
19. Spurning í framhaldinu er hvort ekki sé betra að leggja þessa stöðu niður og bjóða út fjármálagjörninga með öðrum hætti. Það virðist sem laun stjórnenda séu ekki í takt við eðlilega þróun mála. Og alvarlega stöðu sjóðsins á næstu árum eins og staðan er í dag.
- 20., Loks óska ég eftir faglegum og skýrum svörum við mínu erindum og að þau séu skrifleg. Einnig endurtek ég að erindi mín séu færð til bókar í fundagerð aðalfundar lífeyrissjóðsins Gildi og svörin í fundargerðabók stjórnar Gildis.

Kópavogur 9 Júní 2020.
Jóhann Páll Símonarson
Sjóðsfélagi í Gildi lífeyrissjóð.